

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 22. mars kl. 13:00 var haldinn 304. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1.

Fundarfélag: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsmanna var Unnur Líndal.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðirnar SF 300, 301, 302, 303. Fundargerðirnar samþykktar og verða undirritaðar rafrænt.

2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar og fór yfir kjör á skuldabréfamarkaði.

Áhættuskýrsla, dags. 17.03.2021 lögð fram og kynnt.

3. Lagðar fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita stjórnarformanni umboð til boðunar aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur 2021 í samræmi við sameignarsamning og að höfðu samráði við eigendur.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2021.

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að stjórnarlaun ársins 2020 verði kr. 182.319,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.

Jafnframt verði heimilt að greiða upp í laun ársins 2021 kr. 182.319,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

4. Lögð fram samantekt á störfum stjórnar fyrir síðasta ár.

5. Klukkan 13:35 mætti Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx til fundarins og kynnti framtíðarsýn og skipulag Carbfíx. Umræður.

6. Klukkan 14:45 mættu Sveinbjörn Claessen, lögmaður, Grettir Adolf Haraldsson til fundarins og kynntu niðurstöður matsgerðar Vesturhúss á Bæjarhálsi 1. Umræður. Eyþór Laxdal Arnalds óskar bókað:

Samkvæmt niðurstöðu matsgerðar er ljóst að ekki var eitt sem brást þegar ráðist var í byggingu rándýrra höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur, heldur allt. Hönnun hússins er talin gölluð frá upphafi. Framkvæmdir við byggingu voru ekki í samræmi

við teikningar. Loks var bæði eftirliti og úttektum ábótavant samkvæmt matsgerðinni. Saga þessa húss er orðin löng raunasaga allt frá því að ákveðið var að byggja þetta umdeilda hús og til þessa dags þar sem fjölþætt mistök eru staðfest í þessari ítarlegu matsgerð sem nú liggur loks fyrir.

7. Klukkan 15:50 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri til fundarins, lagði fram til rýni jafnréttisstefnu Orkuveitu Reykjavíkur en stefnan var kynnt á stjórnarfundi 22. febrúar sl. Stefnan rýnd og samþykkt .
8. Lagt fram og minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 18. mars 2021. Einnig lagt fram minnisblað um forðagæslu, dags. 18. mars 2021.
9. Staða og horfur á raforkumarkaði, sem óskað var eftir á síðasta fundi. Frestað.
10. Lagt fram svar við fyrirpurn Hildar Björnsdóttur um mannauðsmál frá síðasta fundi. Umræður.
11. Lagt fram minnisblað um réttindi og skyldur Orkuveitu Reykjavíkur varðandi Elliðaárdalinn. Umræður.
12. Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur.
13. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 18. mars 2021, um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.
14. Önnur mál.
 - Stjórnarformaður upplýsti að óskað hefur verið eftir stuðningi við stofnun Íslandsdeildar Transparency International.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:50.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 26. apríl 2021.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Undirritunarsíða

Sigríður Rut Júlíusdóttir

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon

Eyþór Laxdal Arnalds

Hildur Björnsdóttir

Valgarður Lyngdal Jónsson

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason

Elín Björg Smáradóttir